

## Greinargerð með ársreikningi Bolungarvíkurkaupstaðar 2015 síðari umræða

### Horft um öxl

Átta ár hafa verið fljót að líða í starfi mínu sem bæjarstjóri. Bolungarvíkurkaupstaður hefur á þeim tíma staðið í mörgum framkvæmdum bæði stórum og smáum. Margt hefur áunnist þótt alltaf séu næg verkefni fyrirleggjandi.

Fjárfest hefur verið fyrir 1,3 milljarða á þessum átta árum af fjármunum sveitarfélagsins. Þar til viðbótar koma svo framlög ríkisins í hafnarframkvæmdir og snjóflóðavarnir. Af þessum 1,3 milljörðum eru um 350 milljónir fjárfesting vegna hjúkunarheimilisins, en þar koma á mótí leigutekjur frá ríkinu til að standa undir skuldsetningunni.

### Eiginfjárstaða hefur batnað um 340 milljónir

Eiginfjárstaða samstæðu A- og B-hluta hefur á síðustu árum batnað verulega eða alls um 340 milljónir króna á síðustu átta árum. Eiginfjárstaðan hefur þannig batnað um ríflega 42 milljónir að meðaltali hvert ár undanfarin átta ár.

### Fjárfest fyrir 10 milljónir á mánuði að meðaltali

Fyrir utan hjúkunarheimilið hefur því verið fjárfest fyrir u.þ.b. 950 milljónir króna á verðlagi ársins 2015. Ef horft er framhjá skuldum vegna hjúkunarheimilisins sem í raun tilheyra starfsemi á vegum ríkisins sem greiðir af þeim með leigugreiðslum, þá eru nettóskuldir sveitarfélagsins um síðustu áramót um 1.150 milljónir og hafa lækkað að raungildi um 130 milljónir króna á síðustu átta árum þrátt fyrir að sveitarfélagið hafi fjárfest fyrir 950 milljónir króna á sama tíma. Að meðaltali hefur sveitarfélagið því fjárfest fyrir 10 milljónir á mánuði undanfarin átta ár, eða 120 milljónir á ári, fyrir utan þær 350 milljónir sem settar voru í hjúkunarheimilið.

### Félagsheimilið – menningin

Í fjárfestingu má nefna sem dæmi að settar voru yfir 300 milljónir í Félagshemilið sem var opnað eftir allsherjar endurbætur 14. apríl 2011. Þar hefur smátt og smátt verið að byggjast upp fjölbreyttari viðburðadagskrá sem er afar mikilvæg fyrir samfélagið og frábært innlegg í menningarlífið.

### Höfnin – bætt aðstaða fyrir notendur og ferðamenn

Stórframkvæmdir við stálþil og þekju á Brimbrjótnum fóru fram, þar sem hlutur sveitarfélagsins nam tugum milljóna. Fyrir dyrum standa reyndar frekari framkvæmdir við stálþil og þekju á Brimbrjótnum. Tenging hafnarsvæðisins frá Brimbrjót að Grundargarði var mikilvæg framkvæmd sem löngu hefur sannað gildi sitt og erfitt að gera sér í hugarlund aðstöðuna við höfnina án hennar. Þá hefur stórum fjármunum verið varið í snyrtingu hafnarsvæðisins um leið og aðgengi ferðamanna að svæðinu hefur verið stórbætt. Þá var keypt ný flotbryggja auk þess sem sett var upp aðstaða fyrir ferðaþjónustuna með annarri lítilli flotbryggju. Keyptur hefur verið nýr löndunarkrani og annar verið mikið endurnýjaður, báðir með fjarstýringu. Þá hefur höfnin eignast hjólaskóflu. Einnig hefur verið ráðist í viðhaldsdýpkun í höfninni, brimvarnargarður styrktur og búinn til öldudempandi flái í höfninni.

## **Gjörbreytt aðstaða í Grunnskólanum**

Í Grunnskóla Bolungarvíkur hefur aðstaða nemenda verið stórbætt með endurnýjun á kennslustofum á efstu og neðstu hæð eldri byggingarinnar þar sem mikil áhersla var lögð á góða hljóðvist, en stofurnar eru einnig með fullkomnasta búnaði fyrir hljóð og mynd sem völ er á. Þá hefur tölvukerfi skólans og netkerfi verið endurnýjað. Einnig er búið að útbúa frábæra aðstöðu fyrir Félagsmiðstöðina Tópas á neðstu hæðinni. Þá hefur einnig verið sett upp fullkomið brunavarnarkerfi í allan skólann. Á útisvæði skólans hefur skólalóðin verið endurnýjuð, öll leiktæki tekin í gegn og settur hefur verið upp Hreystivöllur. Þá var ráðist í að skipta um glugga á allri norður og austurhlið gömlu byggingarinnar.

## **Leikskólinn og Tónlistarskólinn**

Lóðin við Leikskólann Glaðheima var öll tekin í gegn og leiktækin endurnýjuð um leið og farið var í að gera fullkomnar fallvarnir svo sem reglur kveða á um, bæði á leikskólalóðinni sem og öðrum leiksvæðum á vegum bæjarins. Þá er búið að forhanna stækkun á leikskólanum í Glaðheimum auk þess sem búið er að gera nýtt deiliskipulag fyrir Glaðheimareitinn.

Í Tónlistarskólanum hefur verið farið í mikla endurnýjun innanhúss, m.a. með nýjum gólfefnum í tónleikasal, á göngum og í kennslustofum auk þess sem gert var innangengt á milli bygginga Tónlistarskólans. Þá var keyptur nýr flygill í skólann á afmælisári hans auk ýmissa annarra hljóðfæra.

## **Íþróttamiðstöðin Árbær í góðu formi**

Miklar framkvæmdir hafa verið við Íþróttamiðstöðina Árbæ. Talsverðum fjármunum hefur verið varið í þætti sem ekki sjást, en bæta gæði þjónustunnar mikið, en þar er t.d. um að ræða bættan vatnshreinsibúnað og loftræstingu. Þá hefur verið sett upp ný vaðlaug í sundlaugargarðinum auk þess sem gluggar í sundlaugarsal hafa verið endurnýjaðir. Þá hefur aðstaða sundlaugargesta verið bætt með nýjum sturtum og fataskápum. Starfsfólkið hefur líka fengið frábæra starfsmannaaðstöðu auk þess sem gerð var góð aðstaða fyrir forstöðumann. Íþróttamiðstöðin hefur líka verið máluð innan sem utan. Þá var lokið við að byggja gang sem hugsaður var á milli grunnskólans og sundlaugarinnar allt frá því að sundlaugin var byggð. Settir hafa verið nokkrir tugir milljóna samtals í þessar framkvæmdir við Íþróttamiðstöðina. Tjaldstæðið við sundlaugina hefur einnig verið stækkað verulega og settir upp staurar með tengiboxum fyrir rafmagn o.þ.h. Ekki má svo gleyma nýja frísbíggvellið sem verður vígður von bráðar.

## **Miklar endurbætur á gatnakerfi og gangstéttum**

Oft er rætt um að betur megi gera í gatnaframkvæmdum og framkvæmdum við gangstéttar og göngustíga. Þar er auðvitað af nógu að taka, en þar hefur samt miðað nokkuð áfram og hafa farið nokkuð á annað hundrað milljónir í framkvæmdir við gangstéttar og malbikun gatna á síðustu átta árum. Sem dæmi um þær framkvæmdir má nefna malbikun á Stigahlíð, Bakkastíg, Skólastíg, Þjóðólfsvegi, Móholti, hluta af Vitastíg og á hafnarsvæðinu auk uppbyggingar á nýrri götu, Tjarnarkambi.

Mikil breyting hefur orðið á miðbænum með endurnýjun á gangstéttum við Félagsheimilið og hjúkrunarheimilið auk lagningar nýrra gangstétta við Höfðastíg, Völusteinsstræti, Skólastíg og Vitastíg. Þá hafa verið malbikaðir göngustígar bæði gamlir og nýir.

## **Framkvæmdir í gangi – ný þjónustumiðstöð í Ráðhúsinu**

Nýjasta framkvæmdin sem er í gangi núna er svo þjónustumiðstöðin í Ráðhúsinu. Þar er um að ræða framkvæmd sem kostar um 10 milljónir, en það verkefni tókst að fjármagna með 10 milljóna króna framlagi af fjárlögum ríkisins, eftir fund bæjaryfirvalda með fjárlaganefnd í haust. Kostnaðurinn við breytingarnar lendir því ekki á sveitarfélaginu þegar upp er staðið. Þá liggja fyrir samningar við Landsbankann um makaskipti á neðri hæð Ráðhússins Aðalstræti 12 þar sem bankinn var til húsa ásamt Póstinum og einni hæð í Aðalstræti 21 þar sem Náttúrustofan og Heilbrigðiseftirlitið er til húsa. Í þjónustumiðstöðinni munu íbúar geta sótt á einum stað þjónustu Bolungarvíkurkaupstaðar, Sýslumannsins á Vestfjörðum, gjaldkerapjónustu Landsbankans og afgreiðslu Íslandspósts.

## **Þjónusta við íbúa**

En rekstur sveitarfélags snýst um fleira en framkvæmdir. Þjónustan við íbúana er ekki síður mikilvæg. Þar þarf að gæta að jafnvægi í þjónustunni þannig að ungir sem aldnir fái þjónustu við hæfi á sanngjörnu verði. Það er alltaf erfitt að finna þann gullna meðalveg sem tryggir að allir séu ánægðir. Það er þó alveg ljóst að áherslan undanfarin nokkur ár hefur verið á eldri borgarana með byggingu hjúkrunarheimilisins og á menningarlífið og mannlífið almennt með endurnýjun Félagsheimilisins. Þá hefur íþróttalífið notið ákveðins forgangs með uppbyggingu og endurnýjun í Íþróttamiðstöðinni Árbæ. Hlúð hefur verið vel að starfsemi Grunnskólans með bættri aðstöðu fyrir nemendur og kennara.

Það er því full ástæða til að horfa nú til yngstu kynslóðarinnar og þeirra sem eru með ungabörn og bæta aðstöðu leikskólans sem nú er rekinn á tveimur stöðum, annarsvegar í húsnaði sem byggt er sem leikskóli, en hinsvegar í húsnaði sem hentar starfsemið engan veginn og er í rauninni bráðabirgðahúsnaði. Búið er að undirbúa það verkefni mjög vel og í rauninni er hægt að setja það á fullt þegar bæjarstjórn ákveður að setja það í gang og veitir til þess fjármunum á fjárhagsáætlun.

Framlög til fræðslumála hafa almennt farið vaxandi undanfarin ár og hið sama má segja um framlög til félagsmála þannig að ef beitt er fjárhagslegum viðmiðum þá hefur þjónustan verið að aukast fremur en hitt.

## **Þakkir**

Þar sem ég er nú að leggja fram síðasta ársreikninginn í starfi mínu sem bæjarstjóri þá vil ég nota tækifærið og þakka sérstaklega öllum þeim bæjarfulltrúum sem ég hef starfað með fyrir gott samstarf. Þá vil ég þakka öllum starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir gott samstarf undanfarin átta ár, en ég tók einmitt við starfi bæjarstjóra þann 15. maí 2008 eða fyrir réttum átta árum síðan.

## **Ástæða til bjartsýni**

Ég er þess fullviss að bjart er yfir framtíð Bolungarvíkur. Stöðugur vöxtur hefur verið undanfarin ár í okkar undirstöðuatvinnugreinum, útgerð og fiskvinnslu, en einnig hafa nýjar atvinnugreinar verið að hasla sér völl í bæjarfélaginu. Framundan eru ótal ný tækifæri í atvinnusköpun sem geta orðið burðarásar í atvinnulífinu á allra næstu árum. Mörg störf munu augljóslega skapast við uppbyggingu nýrra framleiðslugreina. Þá munu verða til ótal störf við framleiðsluna sjálfa og þjónustu við hana. Þar er um að ræða fjölbreytt störf sem krefjast þjálfunar, þekkingar og menntunar og eru þau kærkomin viðbót í atvinnulífið. Allt bendir því til þess að Bolungarvík verði áfram í sókn næstu árin.

## Ársreikningur 2015

Ársreikningur bæjarsjóðs Bolungarvíkur er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingarstjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga. Starfsemin skiptist í A-hluta annarsvegar og B-hluta hinsvegar. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B-hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu bæjarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjáfstæðar einingar.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 946 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 1.048 milljónum króna. Rekstrartekjur A-hluta námu 801 milljón króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 779 milljónir króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta var neikvæð um 9,6 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun með viðaukum var gert ráð fyrir neikvæðri afkomu að fjárhæð 21 milljón króna.

Rekstur A-hluta án sérstakra framlaga A-hluta til að greiða niður tap á B-hluta er jákvæður um 9 milljónir króna, sem er í góðu samræmi við fjárhagsáætlun sem gerði ráð fyrir 7 milljón króna afgangi. Vegna taps á rekstri Félagsheimilisins og félagslegra íbúða þarf A-hlutinn hinsvegar að greiða samtals 41,6 milljónir króna til B-hluta. Framlagið veldur tapi á rekstri A-hluta að fjárhæð 32,6 milljónir króna.

Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 279 milljónum króna, þar af nam eigið fé A-hluta 346 milljónum króna um síðustu áramót.

Skuldahlutfall skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga er 132% í A-hluta og áður en tekið er tillit til sérstakra reglna er varða leiguskuldbindingar frá ríkissjóði, 168% í samanteknum reikningi A- og B-hluta. Eftir að tekið hefur verið tillit til núvirðis framtíðarinnflæðis leigutekna vegna hjúkrunarheimilisins eins og reglurnar gera ráð fyrir, þá er skuldahlutfall samstæðu A- og B-hluta hinsvegar 137%, sem er vel innan þeirra 150% marka sem sett eru í 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga.

Laun og launatengd gjöld á árinu 2015 námu alls 485 milljónum króna og hafa hækkað verulega frá árinu 2014 eða um 65 milljónir króna. Nokkrar ástæður eru fyrir þessari aukningu launakostnaðar, m.a. nýtt starfsmat og afturvirk launahækkun hjá ýmsum starfsmönnum

Alls voru stöðugildin hjá Bolungarvíkurkaupstað 64 á árinu.

## Rekstur – frávik frá fjárhagsáætlun

**00 Skatttekjur** skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs eru 12 milljónum króna yfir fjárhagsáætlun og framlög Jöfnunarsjóðs 22 milljónum yfir fjárhagsáætlun með viðaukum

**02 Félagsþjónustan** Rekstur félagsþjónustunnar var talsvert dýrari en fjárhagsáætlun gerð ráð fyrir. Þar munar mest um að framlög Bolungarvíkurkaupstaðar til Byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum (BsVest) eru um 10 milljónum króna hærrí en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir vegna mikils halla á rekstri BsVest. Bolungarvíkurkaupstaður tekur hlutfallslega ábyrgð á rekstri byggðasamlagsins í samræmi við íbúafjölda. Framlöggin (án aukaframlagsins) voru hinsvegar einnig vanáætluð um 7 milljónir í fjárhagsáætlun og skýrir þetta tvennt að mestu muninn á áætlun og rauntölum í rekstrarkostnaði félagsþjónustunnar.

Framlag sveitarfélagsins til málefna fatlaðra er fjármagnað með hluta af útsvarstekjum, þ.e. 1,24% af útsvarsstofni, en fjárhæðin rennur til Byggðasamlags Vestfjarða. Að hluta til fer fjárhæðin (0,99%) fyrst til Jöfnunarsjóðs og greiðist þaðan til Byggðasamlagsins, en hinn hlutinn (0,25%) greiðist fyrst til sveitarfélagsins og ratar svo þaðan til Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks sem útdeilir fjármunum samkvæmt ákveðnum reglum til sveitarfélaganna sem veita þjónustuna.

Þjónusta við börn og unglínga kostaði tæpum 2 milljónum meira en áætlanir gerðu ráð fyrir og þjónusta við aldraða um 1 milljón meira en fjárhagsáætlun reiknaði með.

**04 Fræðslumál** Launakostnaðurinn jókst um 42 milljónir á milli ára, úr 242 milljónum króna árið 2014 í 284 milljónir 2015. Laun í grunnskóla hækkuðu um 14% og laun í leikskóla um 22%. Þá hækkuðu laun í tónlistarskóla um 25%, en þar hækkuðu tekjur um 21% með fleiri nemendum.

**05 Menningarmál** Undir menningarmál fellur m.a. rekstur safna í eigu Bolungarvíkurkaupstaðar og þátttaka í rekstri Byggðasafns Vestfjarða. Afkoma af málaflokknum var betri en áætlanir gerðu ráð fyrir, aðallega vegna betri afkomu af Ósvör sem var nálægt núlli, en þar hafði verið gert ráð fyrir rúmlega 2 milljóna hallarekstri.

**06 Íþróttta og æskulýðsmál** Kostnaður við íþróttta- og æskulýðsmál er talsvert meiri en áætlun gerði ráð fyrir, en rekstur Íþróttamiðstöðvarinnar Árbæjar var 11 milljónum króna dýrari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Munar þar mestu að launakostnaðurinn í Íþróttamiðstöðinni hækkar um 8,5 milljónir frá fyrra ári og er 2,5 milljónum yfir áætlun. Aukinn opnunartími íþróttamiðstöðvarinnar skýrir u.þ.b. eina milljón króna í kostnaðaraukningu síðasta árs.

**07 Brunamál** Launakostnaður við slökkvilið er 0,6 m.kr yfir áætlun.

**08 Hreinlætismál** Rekstur málaflokksins var 0,3 m.kr yfir áætlun

**09 Skipulagsmál** Kostnaður vegna skipulags og byggingarmála var 2,7 milljónum yfir áætlun. Þar er um að ræða meiri kostnað vegna þjónustu byggingarfulltrúa að fjárhæð 1,8 milljónir og aukningu í kostnaði vegna hnitsetningar bæjarlandsins.

**10 Umferðar og samgöngumál** Kostnaður vegna umferðar og samgöngumála var u.þ.b. 2,9 milljónir króna undir áætlun. Snjómoksturinn kostaði 15 milljónir og var einni milljón yfir áætlun. Snjómokstur kostaði þó mun minna en árið 2014 þegar kostnaðurinn fór í 21 milljón króna.

**11 Umhverfismál** Kostnaður við umhverfismál var 8 milljónum undir áætlun og munar þar mest um að hreinsun bæjarlandsins var talsvert undir áætlun og að sláttur opinna svæða var undir áætlun.

**13 Atvinnumál** Kostnaðurinn við atvinnumál var 0,4 milljónum yfir áætlun.

**20 Framlög til B-hluta fyrirtækja** Vegna tapreksturs B-hlutfyrirtækja veitir A-hlutinn sérstakt rekstrarframlag til þeirra. Annars vegar er um að ræða framlag til Félagsheimilisins að fjárhæð 27 mkr og hins vegar framlag til félagslegra íbúða að fjárhæð 14,5 milljónir króna eða samtals 41,5 milljónir króna. Þessi millifærsla hefur bein áhrif á á rekstrarafkomu A-hlutans og veldur því að A-hlutinn skilar 32,6 m.kr neikvæðri afkomu í stað þess vera með 9 milljóna króna jákvæða rekstrarafkomu. Millifærslan hefur hinsvegar engin áhrif á rekstrarafkomu samstæðu A- og B-hluta.

#### **Sjóðstreymi – veltufé frá rekstri**

Veltufé samstæðu A- og B-hluta frá rekstri var 79,5 m.kr eða 8,3% af veltu á árinu 2015.

#### **Hafnarsjóður**

Hagnaður af rekstri hafnarsjóðs var 20,9 milljónir króna á árinu 2015 en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 16,6 milljónum króna í afgang. Tekjur eru rúmlega 7 milljónum yfir áætlun og rekstrargjöldin um 4 milljónum yfir áætlun.

#### **Vatnsveita**

Vatnsveitan var rekin með 3 milljóna króna afgangi í samanburði við áætlun sem gerði ráð fyrir 1,3 milljóna króna halla.

#### **Fráveita**

Rekstur fráveitunnar ver jákvæður um 5,5 milljónir króna, en áætlun gerði ráð fyrir 6,3 milljóna króna rekstrarafgangi.

#### **Félagslegar íbúðir**

Halli var á rekstri félagslegra íbúða að fjárhæð 14,5 milljónir króna sem mætt var með jafnháu framlagi frá A-sjóði þannig að niðurstöðutala rekstrarins var 0 kr.

#### **Fjárfestingar**

Bolungarvíkurkaupstaður fjárfesti á síðasta ári fyrir 181 milljón króna.

Fjárfesting í félagslegum íbúðum var 5,6 milljónir, þar af 3,5 milljónir króna vegna óvænts tjóns sem kom upp.

Fjárfesting í vatnsveitu var 5,6 milljónir króna.

Fjárfestingar hjá Bolungarvíkurhöfn námu samtals 15 milljónum króna. Þar var um að ræða m.a. viðhaldsdýpkun, endurnýjun á handriðum ofl. á Lækjarbryggju, fjárfestingu í fjarstýrðum stjórnbúnaði fyrir krana ofl.

Fjárfesting í hjúkrunarheimili nam 75 milljónum króna eða 10 milljónum yfir áætlun, en árið 2014 voru fjárfestingar 10 milljónum undir áætlun og hafa því einhverjir reikningar sem tilheyrðu framkvæmdum á árinu 2014 verið gefnir út á árinu 2015.

Fjárfesting í gatnakerfi, gangbrautum og stígum nam um 25 milljónum króna. Þar er um að ræða malbikun á Vitastíg og göngustíg á milli Skólastígs og Vitastígs, gangstétt á Vitastíg og Aðalstræti framan við hjúkrunarheimilið og gangstétt og ýmsan frágang við Grunnskólann.

Í íþróttahúsinu var fjárfest í starfsmannaaðstöðu, tækjum í tækasal ofl. fyrir um 9,5 milljónir. Í Grunnskólanum var neðsta hæð gömlu byggingarinnar endurnýjuð. Þar voru milliveggir endurnýjaðir með eldtefjandi efnum um leið og húsnæðið var endurskipulagt þannig að gangurinn var breikkaður og er nú nýttur sem Félagsmiðstöðin Tópas. Settir voru nýjir dúkar á kennslustofur og parkett á félagsmiðstöð. Þá voru sett upp kerfisloft til að bæta hljóðvist um leið og lýsingin var endurnýjuð. Salernisaðstaða var endurgerð auk þvottaaðstöðu og geymslu. Þá var anddyrið endurnýjað og skipt um innihurðir á hæðinni. Húsnæðið er í raun á allan hátt betra en það var þegar skólinn var nýr. Þá var netsamband í eldri byggingu skólans bætt. Alls var fjárfest fyrir u.þ.b. 25 milljónir króna í framkvæmdum tengdum grunnskólanum.

### **Að lokum**

Rekstrarniðurstaða samstæðu A-hluta áður en tekið er tillit til framlaga A-hluta til B-hluta er jákvæð um 10 milljónir króna, en 41,6 milljón króna framlög til B-hluta vegna tapreksturs B-hlutans valda því að afkoma A-hluta verður neikvæð. Ljóst er að hægt er að draga nokkuð úr 14 milljóna króna tapi af félagslegum íbúðum með hækkun húsaleigu. Reikna má með að tap af rekstri Félagsheimilisins sem stafar að stærstum hluta af miklum fjármagnskostnaði verði hinsvegar viðvarandi, en full ástæða er til að leita allra leiða til að ná jafnvægi í rekstri þess áður en tekið er tillit til fjármagnskostnaðar. Með aukinni starfsemi í húsinu og hækkun húsaleigu, ætti það að vera mögulegt.

Launakostnaður sveitarfélagsins hefur hækkað talsvert á milli ára vegna nýrra kjarasamninga og vegna hækkana í tengslum við nýtt starfsmat eins og áður er komið fram. Þessir þættir hafa bein áhrif á veltufé frá rekstri sem nemur tæpum 80 milljónum króna á meðan afborganir af langtímalánum eru 107 milljónir.

Endurgreiðslutími langtímalána er um 12 ár sem verður að teljast í styttra lagi. Því hefur verið tekin sú stefna í nýjustu lántökum að taka lengri lán, nú síðast 40 ára lán sem hafa þá sama endurgreiðslutíma og leigusamningur um hjúkrunarheimili sem er til 40 ára, en Lánasjóður sveitarfélaga hefur nýlega hafið að bjóða upp á 40 ára lán, einmitt vegna fjárfestinga sveitarfélaga í hjúkrunarheimilum skv. leiguleið. Ef hægt væri að lengja meðalendurgreiðslutími langtímalána í 15 ár í stað 12, þá væri jafnvægi á milli afborgana langtímalána og veltufjár frá rekstri m.v. óbreyttan rekstur. Stefnt hefur verið að því við endurfjármögnun lána hjá Lánasjóði sveitarfélaga að taka 40 ára lán þar til heildarfjárhæð 40 ára lána hefur náð 300 til 350 milljónum króna.

Framlegð af rekstri samstæðu A- og B-hluta á árinu 2015 var 107 milljónir króna eða 11,3%.

Skuldavæðmið A- og B-hluta er 137% eftir að tekið hefur verið tillit til leigugreiðslna frá ríkinu vegna hjúkrunarheimilisins.

Ársreikningur Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2015 er hér lagður fram til síðari umræðu í bæjarstjórn.

**Bolungarvík 17. maí 2016,  
Elías Jónatansson, bæjarstjóri**